

Fréttabréf

stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum



Norrænir verkalyðsforingjar fyrirferðamiklir á Húsavík

Um 70 norrænir verkalyðsforingjar komu í heimsókn til Framsýnar-stéttarfélags í september. Um var að ræða hóp frá verkalyðsfélögum í Færeyjum og Noregi. Formaður Framsýnar, Aðalsteinn Á. Baldursson, hefur í nokkur ár starfað sem fulltrúi Starfsgreinasambands Ís-

lands í erlendu samstarfi, eða þar til um síðustu áramót. Ljóst er að Aðalsteinn nýtur virðingar erlendis fyrir störf sín að verkalyðsmálum eins og þessar heimsóknir sýna. Nánar er fjallað um heimsóknirnar í fréttabréfinu.

Færeyingarnir dönsuðu af gleði

Fjölmennur hópur Færeyinga kom í heimsókn til Framsýnar um miðjan september. Um var að ræða 30 manna hóp frá nokkrum verkalyðsfélögum í Færeyjum. Einnig voru í hópnum fulltrúar frá SAMTAK sem líkja má við ASÍ á Íslandi. Færeyingarnir áttu m.a. fund með fulltrúum Framsýnar. Þeir höfðu áhuga á að kynna sér starfsemi félagsins og fræðast um stöðu mála á Íslandi. Þá bauð Norðlenska þeim í heimsókn í sláturhúsið. Þar fengu þeir góðar móttökur hjá Sigmundi

Hreiðarssyni yfirmanni sem fræddi þau um starfsemina. Færeyingum þótti starfsemin athyglisverð enda engin stór sláturhús í Færeyjum. Þar slátra menn heima á búunum. Eftir velheppnaða ferð í Norðlenska fóru gestirnir frá Færeyjum í verslunarferð um Húsavík. Að því loknu fóru þeir á Fosshótel Húsavík og borðuðu kvöldverð með fulltrúum Framsýnar. Verkalyðsforingjarnir frá Færeyjum voru hér á eigin vegum.

Vel gekk að slátra hjá Norðlenska

Sláturtíðinni hjá Norðlenska á Húsavík er nú lokið. Sláttrað var yfir 70 þúsund kindum í haust. Um 140 starfsmenn störfuðu hjá fyrirtækinu í sláturtíðinni. Að sögn Sigmundar

Hreiðarssonar Vinnslustjóra gekk sláturtíðin vel en sláturhúsið var að hluta til mannað erlendum starfsmönnum. Hér fylgja nokkrar myndir úr sláturtíðinni:



Verkalyðsforingjarnir úr Færeyjum eru hér ásamt stjórnarmönnum úr Framsýn.



Færeyingar eru miklir gleðimenn. Á borðbaldinu stóðu menn upp og dönsuðu þrátt fyrir að tónlistina vantaði.

ÚTGEFENDUR: Þingið, félag iðnaðarmanna, Starfsmannafélag Húsavíkur, Framsýn- stéttarfélag, Verkalyðsfélag Þórshafnar.

Garðarsbraut 26 • 640 Húsavík • Sími 464 6600 • Fax 464 6601 • e-mail: kuti@framsyn.is • Heimasíða: www.framsyn.is • ÁBYRGÐARMÁÐUR: Aðalsteinn Á Baldursson
Forsíðumundin er af Friðrik Grétarssyni starfsmanni Garðvíkur á Húsavík. Myndina tók Aðalsteinn Á. Baldursson. • Fréttabréfið er skrifað 30. október 2010 og gefið út í 2000 eintökum.
HÖNNUN OG PRENTUN: Örkin, Húsavík.

Aðeins tveir verkalýðsforingjar eftir!

Bót, aðgerðahópur um bætt samfélag, stóð fyrir borgarafundi í Salnum í Kópavogi í síðustu viku. Fundurinn bar yfirskriftina **Fátækt á Íslandi - lágmarksframfærsla?** Frummælendur voru talsmenn neytenda, öryrkja, aldraðra, atvinnuleitenda og félagsbótaþega. Forseti Íslands, ríkisstjórn og þingmenn voru boðaðir á fundinn. Ýmsum fulltrúum stjórnvalda, sveitarfélaga, hagsmunasamtaka og félagasamtaka var einnig boðin þátttaka í fundinum, þar á meðal formanni Framsýnar, Aðalsteini Á. Baldurssyni. Fundurinn heppnaðist vel en um 200 manns sóttu fundinn. Fjölmargar fyrirspurnir bárust úr sal og var mörgum verulega heitt í hamsi yfir því ástandi sem nú ríkir í íslensku samfélagi. Krafa fundarmanna var skýr, burt með fátæktina og að ráðamenn þjóðarinnar hætti að brjóta niður

velferðarkerfið á Íslandi. Það er hætti að framleiða fátækt eins og einn fundarmannanna orðaði það. Að sögn Aðalsteins var afar ánægjulegt að finna þann mikla hlýhug og stuðning sem fundarmenn báru til starfsemi og málflutnings Framsýnar og Verkalýðsfélags Akraness. Fram hefði komið í máli eins fundarmanna að þetta væru einu stéttarfélögin sem tækju stöðu með sínu fólki. Formenn þessara félaga væru einu verkalýðsleiðtogarnir sem eftir væru á Íslandi. Fyrirspyrjandinn hefði notað tækifærið og spurt hann og Vilhjálm Birgisson formann VA, sem einnig var gestur fundarins, hvernig þeir teldu best að auka tiltrú fólks á verkalýðshreyfingunni á ný. Aðalsteinn sagðist hafa leitað við að svara spurningunni um leið og hann hefði pakkað fyrir hlý orð í sinn garð og Framsýnar.



Framsýn hvetur til ráðstefnu um málefni öryrkja

Á félagsfundi Framsýnar um kjara- og velferðarmál sem haldinn var í október kom fram að öryrkjum finnst Alþýðusamband Íslands ekki beita sér nægjanlega í þeirra hagsmunamálum þrátt fyrir að þeir séu félagsmenn innan aðildarfélaga Alþýðusambandsins. Í kjölfarið á þessum ábendingum samþykkti stjórn og trúnaðarmannaráð Framsýnar að beina þeim tilmælum til Alþýðusambands Íslands að sambandið standi fyrir málþingi/

ráðstefnu um málefni öryrkja og sýn Alþýðusambandsins í þeim efnum. Jafnframt því sem gert verði grein fyrir starfsemi VIRK-Endurhæfingarsjóðs sem ætlað er að hjálpa þeim sem falla útaf vinnumarkaði vegna veikinda eða slysa að hefja störf á ný. Forseti Alþýðusambandsins hefur tekið vel í erindið sem vonandi verður til þess að ráðstefna um málefni öryrkja verði haldin á næstu mánuðum.



Stéttarfélagin hafa einnig gengið frá samkomulagi við N1 um góð afsláttarkjör fyrir félagsmenn. Hér eru þar Erla Torfadóttir og Dana Rut Aðalsteinsdóttir starfsmenn N1 á Húsavík, en þær eru tilbúnar að taka vel á móti félagsmönnum stéttarfélaganna eins og aðrir starfsmenn N1 á Íslandi.

Jólaboð stéttarfélaganna



Stéttarfélögin í Þingeyjarsýslum verða með opið hús laugardaginn 18. desember frá kl. 14:00 til 18:00.

Boðið verður upp á kaffi og meðlæti.

Jólasveinarnir koma í heimsókn og þá verða flutt nokkur tónlistaratriði.

Að sjálfsögðu eru allir hjartanlega velkomnir.

Framsýn • Þingið • Starfsmannafélag Húsavíkur

Ungir blaðamenn á ferð

Nýlega komu fjórar hressar stúlkur úr Borgarhólsskóla í heimsókn á Skrifstofu stéttarfélaganna og óskuðu eftir viðtali við formann Framsýnar. Þær sögðust vera að vinna að verkefni um þekktu Húsvíkinga. Aðalsteinn tók þeim

að sjálfsögðu vel og svaraði spurningum þeirra eftir bestu getu. Spurningar vörðuðu áhugamál hans, fjölskylduna og starfið. Þær höguðu sér eins og reyndir fréttamenn og tóku viðtalið upp á vídeó upptökuvel.



Viktoría Ósk Ingimarsdóttir, Guðrún Jóna Jónmundsdóttir, Hildur Sigurgeirsdóttir og Alexandra Dögg Einarisdóttir komu í heimsókn á Skrifstofu stéttarfélaganna.

Iðnaðarmenn ræða kjaramál

Þingið stóð fyrir félagsfundi um kjaramál enda kjarasamningar iðnaðarmanna lausir um næstu mánaðamót. Gestur fundarins var Finnþjörn Hermannsson formaður Samiðnar. Miklar umræður urðu um fundarefnið og komu félagsmenn

sínum kröfum á framfæri við stjórn Þingiðnar og formann Samiðnar en sambandið mun fara með samningsumboð fyrir hönd félagsins í komandi viðræðum við Samtök atvinnulífsins.

Málefni sjómanna til umræðu

Sjómannadeild Framsýnar hefur undanfarið tekið nokkur mál fyrir er varða kjör og öryggismál sjómanna. Útgerðum línubáta á Húsavík var skrifað bréf og þau hvött til að huga vel að öryggismálum sjómanna, sérstaklega er varðar vinnutíma og hvíldartíma um borð í bátunum. Tílefnið voru tvö alvarleg sjóslys sem orðið hafa á línubátum frá Húsavík. Þá skoraði Framsýn á Sjómannasamband Íslands (SSI) og Landssamband smábátæigenda (LS) að gera kjarasamning fyrir smábátasjómenn sem alla tíð hafa verið án kjarasamnings á landsvísu þrátt fyrir að árið 2010 sé komið. Eins og flestir eiga að

vita, búa nánast allar starfsstéttir á Íslandi við kjarasamninga sem eru sjálfsögð mannréttindi. Frá því að Framsýn skoraði á SSI og LS að gera kjarasamning hefur komið fram hugmynd um að Framsýn óski eftir viðræðum við LS um gerð kjarasamnings fyrir smábátasjómenn á félagssvæði Framsýnar í stað þess að fara með málið í gegnum Sjómannasamband Íslands. Til viðbótar má geta þess að Framsýn hefur óskað eftir viðræðum við hvalaskoðunarfyrirtækin á Húsavík um gerð sérkjarasamnings fyrir þau störf sem unnin eru hjá fyrirtækjunum. Fundur um málið verður haldinn í þessari viku.



Kröfugerð Framsýnar lögð fram

Framsýn hefur lagt mikla vinnu í að ganga frá kröfugerð fyrir hönd félagsmanna. Búið er að halda 5 félagsfundir, tvo vinnufundi stjórnar og trúnaðarmannaráðs og þá gafst félagsmönnum einnig tækifæri til að koma sínum ábendingum á framfæri í gegnum tölvupóst. Hægt er að sjá fullmótaða kröfugerð á framsyn.is. Fréttin er frá 20. október.

Félagið hefur áveðið að fela Starfsgreinasambandi Íslands umboð til að ganga frá kjarasamningi við Samtök atvinnulífsins er varðar almennt verkafólk, ríkisstafsmenn og starfsmenn í ferðaþjónustu. Sjómannasambandinu hefur verið falið umboð til að ganga frá kjarasamningi fyrir sjómenn í Framsýn og þá hefur Landsambandi ísl. verslunarmanna verið falið að ganga frá kjarasamningi fyrir verslunar- og skrifstofufólk innan félagsins. Framsýn mun hins vegar sjá um samningagerð við Launaneftnd sveitarfélaga vegna

starfsmanna sveitarfélaga á félagssvæðinu.

Kröfugerð félagsins sem mótuð var hefur þegar verið komið á framfæri við viðkomandi landssambönd sem eru þessa dagana að klára mótun kröfugerða. Þess er vænst að fulltrúar Framsýnar verði í samninganefndum landssambandanna en viðræður við atvinnurekendur munu hefjast á næstu vikum. Kjarasamningar eru almennt lausir 30. nóvember n.k., þó ekki kjarasamningur sjómanna. Hann er laus um áramótin. Þess má geta til viðbótar að félagsmenn Framsýnar eru almennt á því að ekki eigi að skrifa undir nýja kjarasamninga nema stjórnvöld afturkalli glórulausar tillögur um niðurskurð í heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni. Því gangi þær eftir muni þær leiða til alvarlegrar búseturöskunar og tekjuskæringar fyrir fólk á landsbyggðinni, ekki síst verkafólk.



Miklar umræður hafa verið á félagsfundum Framsýnar um kjaramál. Búið er að halda 5 félagsfundir víða á félagssvæðinu.

Ódýr hótलगisting fyrir félagsmenn í vetur Fosshotel

Í vetur býðst félagsmönnum gisting á Fosshotelum á góðu verði. Hótelin eru staðsett í Reykjavík, Reykholti og Húsavík. Félagsmenn kaupa gistiávisun á Skrifstofu stéttarfélaganna fyrir uppabúið tveggja manna herbergi með baði og morgunverði og bóka síðan gistingu. Taka þarf fram við bókun að greitt verði með gistimiða. Verð fyrir gistinóttina er kr. 6.000 með niðurgreiðslu. Frítt er fyrir eitt barn undir 12 ára aldri í herbergi með foreldrum.

Aukarúm kostar kr. 4.000 með morgunmat.
Nánari upplýsingar á www.fosshotel.is.

Hótel Keflavík

Félagsmönnum býðst ódýr gisting á Hótel Keflavík í vetur, sem er sérstaklega góður kostur fyrir þá sem eru að ferðast um Keflavíkurflugvöll.

Félagsmenn kaupa gistiávisun á skrifstofu stéttarfélaganna og bóka gistingu á hótelinu. Í boði er einmennings-, tveggja manna- og fjölskylduherbergi.

Félögin niðurgreiða einnig gistinóttina um kr. 2.000 fyrir hvern fullgildan félagsmann.

Morgunverður er veittur árla morguns fyrir gesti hótelsins sem þurfa að fara snemma í flug og er þeim síðan boðinn akstur á flugstöðina og geymsla á bílnum meðan dvalið er erlendis, endurgjaldslaust.

Nánari upplýsingar á www.hotelkeflavik.is.

Jólagleði í Mývatnssveit

Aðventudagskráin „Mývatnssveit, töfralandi jóla“ hefst með heimboði jólasveinanna í Dimmuborgir laugardaginn 20. nóvember kl. 13 og 15. Þar taka þeir bræður á móti gestum með söng og lúðrabýt eins og þeim einum er lagið. Kaffitilboð á veitingastöðum í sveitinni, í tilefni dagsins. Fjölbreytt dagskrá verður í Mývatnssveit um aðventuna og má

þar nefna jólabað jólasveinanna í Jarðböðunum 4. desember auk tónleika, leiksýninga, markaðsdaga og jólahlaðborðs.

Við minnum á að jólasveinarnir taka á móti gestum í Dimmuborgum alla daga frá 27. nóvember til jóla milli kl. 13 og 15.

Dagskrá aðventu í Mývatnssveit má sjá á vefsíðunni www.jolasveinarnir.net



Rafmagnað loft í Þingeyjarsýslum

Mikil reiði hefur verið meðal Þingeyinga með hugmyndir stjórnvalda um að skera niður framlög til Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga um 40%. Góður samhugur er meðal heimamanna um að berjast gegn þessum glórlausu hugmyndum sem er ein mesta árás sem gerð hefur verið á byggð í Þingeyjarsýslum. Starfandi hefur verið aðgerðarhópur sem skipulagt hefur fundi og ýmsar aðgerðir til að koma í veg fyrir að niðurskurðartillögurnar gangi eftir. Stéttarfélagin eiga fulltrúa í hópnum. Ljóst er að Þingeyingar þurfa að fylgja málinu eftir af fullum þunga og forðast útspil eins og að álver sé á næsta leiti. Það er ekki komið og margir óvissupættir í gangi varðandi það verkefni. Hins vegar eru uppi hugmyndir um að skera niður búsetuskilyrði á svæðinu með samdrætti í heilbrigðisþjónustu á svæðinu. Það má ekki gerast. Þá er með þessum hugmyndum verið að færa verulegan kostnað yfir á notendur þjónustunnar sem ætlað er að sækja lækniþjónustu til Akureyrar eða Reykjavíkur með tilheyrandi ferðakostnaði og vinnutapi. Þá er erfitt að skilja að það verði ódýrara

á liggja á hátækniþjúkrahusi en á Heilbrigðisstofnun Þingeyinga hjá því frábæra starfsfólki sem þar starfar. Mikilvægt er að Þingeyingar haldi áfram sinni baráttu. Hér fylgir með ályktun frá stéttarfélagunum í Þingeyjarsýslum.

Ályktun

um niðurskurð á framlögum til HP Stéttarfélagin í Þingeyjarsýslum fordæma glórlausar tillögur stjórnvalda um niðurskurð til reksturs Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga. Þessar tillögur lýsa algeru þekkingarleysi ríkisvaldsins á staðhættum, starfsemi og starfssvæðinu sem nær yfir báðar Þingeyjarsýslurnar eða um 17% af landinu. Með þessum aðgerðum er ríkisvaldið að lama svæðið og þrengja verulega að búsetuskilyrðum heimamanna, við slíkt verður aldrei, aldrei unað!

Starfsfólk og skjólstæðingar Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga hafa þegar tekið á sig verulegar skerðingar undanfarin misseri og mega ekki við meiru. Heimamenn munu ekki kyngja þessum áformum hávaðalaust heldur sporna við með öllum tiltækum ráðum, hér er um líf og dauða byggðarinnar að tefla!



Það hafa margir orðið til þess að mótmæla hugmyndum um að skera niður framlög til Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga.

Múrbúðin - lægra verð

Pegar fulltrúi Framsýnar var á ferð í Múrbúðinni á Húsavík var töluvert að gera hjá Sigmari sölumanni sem ávallt tekur vel á móti viðskiptavinum. Múrbúðin stendur við Garðarsbrautina á Húsavík og býður upp á góðar vörur á góðu verði að sögn Sigmars. Það er t.d.

verkfæri, málningu og flísar. Ekki þarf að taka fram hversu mikilvægt það er fyrir Þingeyinga að hafa búð eins og Múrbúðina sem býður upp á vöru á góðu verði, það er á tímum þrenginga hjá fólki. Rétt er að skora á fólk að koma við í Múrbúðinni og gera verðsamanburð.



Þuklað á Raufarhöfn

Hrútagurinn á Raufarhöfn var haldinn hátíðlegur í október í Faxahöllinni og var fjölmenni saman komið. Setning Hrútagadsins fór fram kl. 14:00 og upp úr því hófst sala á gæðahrútum. Á fjórða tug hrúta seldust, þar af voru fjórir boðnir sérstaklega upp. Einn af þeim seldist á kr. 110.000,-. Til fróðleiks má geta þess að gangverð á góðum hrút er um 20 þúsund. Það var ekki bara þannig

að hrútar væru til sölu og skoðunar heldur var auk þess veitinga- og handverksala á staðnum og boðið var upp á ýmsar aðrar uppákomur. Hópur áhugasamra kvenna um ullaarvinnslu sýndu einnig jurtalitun og þæfingu. Til viðbótar má geta þess að nú er búið að gera nýjan veg til Raufarhafnar þannig að það full ástæða til að skora á fólk að gera sér ferð til Raufarhafnar og skoða mannlífið á staðnum.



Niels Árni Lund frá Miðtúni stjórnaði uppboðinu á fallegustu brútnum. Einn brútur seldist á kr. 110.000,-.

Yfir 900 síðuflettingar á dag

Samkvæmt vefmælingum eru heimsóknir á heimasíðu stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum mjög vinsælar. Greinilegt er að lesendur fylgjast vel með starfi stéttarfélaganna auk þess sem þeir leita sér upplýsinga á síðunni. Samkvæmt nýjustu tölum fara síðuflettingar upp fyrir 900 flettingar á dag sem er í raun mjög merkilegt þar sem ekki er um víðurkennda fréttasíðu að ræða

heldur heimasíðu stéttarféлага. Heimasíða stéttarfélaganna er uppfærð reglulega sem skýrir að hluta þann áhuga sem fólk hefur fyrir því að skoða hana, sumir daglega. Það hefur alltaf verið markmið stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum að upplýsa félagsmenn vel um starfsemina auk þess að miðla upplýsingum til þeirra. Það gera þau best með virkri heimasíðu og Fréttabréfi stéttarfélaganna.



Stjórn Þingidnar kemur reglulega saman til fundar. Hér eru þeir á fundi í nýju félagsaðstöðunni sem þeir voru ánægðir með.

Góð afsláttarkjör fyrir félagsmenn hjá olíufélögunum



Framsýn, Þingið og Verkalýðsfélag Þórshafnar hafa gengið frá góðum afsláttarkjörum fyrir félagsmenn á vörum og þjónustu hjá N1 og Olís-ÖB. Um er að ræða afslátt á bilinu frá 3-30%. Þá er veittur allt að 7 kr. afsláttur af bensínlítranum. Hægt er að sækja um afsláttarkjörin á netinu eða með því að koma við á Skrifstofu stéttarfélaganna á Húsavík. Þeim félagsmönnum sem vilja fræðast betur um málið er bent á að hafa samband við Skrifstofu stéttarfélaganna. Ljóst er að um er að ræða góða búbot fyrir félagsmenn stéttarfélaganna, ekki missa af því.



Sigurgeir Adalgeirsson frá Olís-ÖB og forstöðumaður stéttarfélaganna gengu frá samkomulagi um sérstök afsláttarkjör fyrir félagsmenn. Afsláttarkjörin gilda hjá Olís-ÖB um land allt.

Verkfallsverðir á ferðinni

Félagar í Landssambandi slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, sem voru við verkfallsvörslu við Húsavíkurflugvöll um miðjan ágúst, komu við á Skrifstofu stéttarfélaganna á Húsavík þegar aðgerðum þeirra lauk. Flugfélag Íslands ákvað að fella niður flug til Húsavíkur í kjölfar aðgerða verkfallsvarða í Reykjavík sem meinuðu flugfarþegum útgöngu úr flugstöðinni á Reykjavíkurflugvelli.

Til stóð að brjóta niður samstöðu slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna með því að nota Húsavíkurflugvöll tímabundið í staðinn fyrir Akureyrarflugvöll. Verkfallsverðirnir fengu góðar móttökur á skrifstofunni enda nutu aðgerðir þeirra stuðnings stéttarfélaganna á Húsavík. Boðið var upp á léttar veitingar og farið yfir stöðuna áður en þeir héldu heimleiðis, sumir til Akureyrar en aðrir til Reykjavíkur.



Gleðidagur í starfi stéttarfélaganna

Þann 24. september var ný félagsaðstaða stéttarfélaganna í Pingeysýslum tekin formlega í notkun. Verktökum og stjórnnum aðildarfélaganna, það er frá Framsýn, Þingið og Starfsmannafélagi Húsavíkur var boðið að vera við vígsluna. Gestirnir voru sam-mála um að vel hefði tekist til við breytingarnar og var mikið lof borið á verktakana og hönnuðina sem sáu um breytingarnar. Arnhildur Pálmaðóttir arkitekt sá um hönnunina og verkfræðistofan Mannvit sá um rafmagnspáttinn. Aðalverktaki var Norðurvík ehf. og

Lagnatak ehf. sá um pípulagnirnar. Kostnaðaráætlun stóðst en heildarkostnaður við verkið, teikningar, breytingarnar og kaup á húsgögnum nam 34 milljónum. Í ræðu sem forstöðumaður Skrifstofu stéttarfélaganna flutti við opnunina lofaði hann verktakana fyrir gott verk auk þess sem hann sagði að breytingar ættu eftir að efla starfsemi stéttarfélaganna enn frekar á komandi árum. Hægt er að sjá ræðu Aðalsteins á heimasíðu stéttarfélaganna og nánari umfjöllun um opnunina.



Dómbildur stjórnarmaður í Framsýn og Ása Gísla stjórnarmaður í STH voru ánægðar með breytingarnar.



Þórolfur Aðalsteinsson framkvæmdastjóri Norðurvíkur og Arnhildur Pálma arkitekt sem stjórnðu verkinu eru hér á Torginu að fara yfir málin.



Það voru ýmsir sem komu að framkvæmdunum.

Framsýn styrkir Skákfélagið Goðann

Framsýn hefur samþykkt að koma myndarlega að starfi Skákfélagsins Goðans í vetur. Félagsvæði skákfélagsins eru Pingeyjarsýslurnar báðar og Húsavík. Þó er búseta á félagssvæðinu alls ekki skilyrði fyrir félagsaðild. Framsýn mun leggja skákfélaginu til aðstöðu í vetur í fundarsal stéttarfélaganna að Garðarsbraut 26 á Húsavík. Sérstakt skákmót, Framsýnarskákmótið, verður haldið 12. til 14. nóvember. Að sögn Aðalsteins Á. Baldurssonar formanns Framsýnar er eitt af markmiðum félagsins að efla æskulýðs- og íþróttastarfsemi á

félagssvæðinu. Liður í því væri að koma myndarlega að starfi Skákfélagsins Goðans. Hermann Aðalsteinsson formaður Goðans sagðist afar ánægður með framlag Framsýnar til starfsins hjá skákfélaginu. Styrkur Framsýnar hjálpaði til við að efla félagsstarfið enn frekar. Hann vildi einnig koma því á framfæri að það væru allir velkomnir í félagið og hvatti menn til að setja sig í samband við hann en Skákfélagið stendur fyrir reglulegum skákæfingum. <http://www.godinn.blog.is>



Heimir Bessason teflir hér við ungan skákmann en vetrarstarfið er búið hjá Skákfélaginu Goðanum.

Fundað með starfsfólki Hótel Eddu

Eitt af hlutverkum stéttarfélaganna er að heimsækja félagsmenn. Fulltrúar Framsýnar voru á ferðinni í sumar og heimsóttu m.a. starfsfólk Hótel Eddu á Stórutjörnum. Á fundinum var farið yfir kjarasamninga og starfsemi hótelsins. Í gildi er sérstakur samningur milli

Flugleiðahótela ehf. vegna sumarhótela og SGS sem Framsýn er aðili að. Í samningnum er gert ráð fyrir að fulltrúar Edduhótela og viðkomandi stéttarféлага fundi með starfsmönnum um starfstilhögun sumarsins.



Það er fjögulegur hópur starfsmanna sem starfaði á Hótel Eddu Stórutjörnum í sumar.

Dæmi um óskráða atvinnu í ferðaþjónustu

Starfsgreinasamband Íslands stóð fyrir málþingi um óskráða atvinnu og ófagleg vinnubrögð í ferðaþjónustu í lok september á Hótel Reyhliði í Mývatnssveit. Miklar umræður urðu um svarta atvinnustarfi í ferðaþjónustu og mikilvægi þess að vinna gegn henni með öllum tiltækum ráðum.

Á fundinum undirrituðu Starfsgreinasamband Íslands, Samtök ferðaþjónustunnar, Ferðaþjónusta bænda, embætti Ríkisskattstjóra og Vinnumálastofnun yfirlýsingu um samstarf til að vinna gegn svartri atvinnustarfsemi í ferðaþjónustugreinum. Það voru þau Kristján Gunnarsson formaður SGS, Ema Hauksdóttir framkvæmdastjóri SAF, Sævar Skaptason framkvæmdastjóri Ferðaþjónustu bænda, Gissur Pétursson forstjóri Vinnumálastofnunar og Jóhann Ásgrímsson fulltrúi Ríkisskattstjóra sem undirrituðu yfirlýsinguna sem hér fer á eftir;

„Starfsgreinasamband Íslands, f.h. aðildarféлага sinna, Samtök Ferðaþjónustunnar, Ferðaþjónusta bænda, embætti Ríkisskattstjóra og Vinnumálastofnun lýsa vilja sínum til samstarfs til þess að vinna gegn óskráðri svartri atvinnustarfsemi í ferðaþjónustugreinum, þ.e. í veitinga- og gisti húsum, greiðasölu og hliðstæðri starfsemi. Það er markmið samstarfsins að hvarvetna

sé fylgt ákvæðum kjarasamninga í ferðaþjónustugreinum og að leikreglur á vinnumarkaði séu virtar. Markmiðinu hyggjast samstarfsaðilar ná með markvissu vinnustaðaeftirliti, gegnsæi og miðlun upplýsinga milli aðila. Samstarfsaðilarnir hvetja vinnuveitendur og starfsfólk til þess að virða reglur um vinnustaðaskírteini þar sem þau auðvelda m.a. gegnsæi í því sambandi að um lögmæta, skráða atvinnustarfsemi sé að ræða á viðkomandi vinnustað.“

Að sögn Aðalsteins formanns Framsýnar skiptir miklu máli að tekið sé á svartri atvinnustarfsemi í ferðaþjónustu sem og aðbúnaðar- og kjaramálum starfsfólks. Hann sagði að margir ferðaþjónustuaðilar á félagssvæði Framsýnar væru með sín mál í lagi meðan annar hópur ferðaþjónustuaðila væru með allt niður um sig í þessum málum. Hann sagði það ekki liðandi og framvegis yrði öllum ábendingum um skattsvik og svarta atvinnustarfsemi komið á framfæri við viðkomandi yfirvöld. Hann sagði því ánægjulegt að á fundinum hefði verið undirritað samkomulag milli hagsmunaaðila um að taka sameiginlega á þessum málum. Forsvarsmenn ferðaþjónustuaðila væru sömu skoðunar, það er að liða ekki svarta atvinnustarfsemi.



Samkomulagið undirritað um samstarf til að vinna gegn svartri atvinnustarfsemi í ferðaþjónustugreinum.

Frekari fróðleikur

Hægt er að fræðast frekar um þær fréttir sem eru í Fréttabréfinu á heimasíðu stéttarfélaganna framsyn.is. Þar eru einnig fleiri myndir úr starfi félaganna. Til viðbótar má geta þess að nú er unnið að því að setja upp nýja heimasíðu sem vonandi verður klár fyrir áramót. Heimasíðan er vinsæl og daglegar flettingar eru allt að 922.



Það er alltaf jafn ánægjulegt þegar nýir bátar bætast í flota Húsavíkinga. Nýlega battust þessir treir bátar í flotann, Haförn ÞH og Jökull ÞH. Stéttarfélagin óska útgerðunum til hamingju með þá.



Heiðurskonan Sigríður Arnórsdóttir kom í heimsókn á Skrifstofu stéttarfélaganna til að beilsa upp á starfsmenn og skoða nýju félagsaðstöðuna. Sígga Matta var um tíma formaður Verslunarmannafélags Húsavíkur auk þess sem faðir hennar var formaður Verkamannafélags Húsavíkur 1941 til 1948. Sígga Matta var ánægð með nýju aðstöðuna og óskaði félögum til hamingju með hana. Hér situr hún fyrir neðan málverk af alþýðuföringjanum og föður hennar Arnóri Kristjánsyni.



Nýju skrifstofurnar fengu allar sérstök nöfn. Það er Vegamót, Róm og Brautarendi. Þegar Kristján Svararson leit við hjá félögum var ekki annað hægt en að mynda kallinn við Vegamót en Kristján hjó lengi í Vegamótum sem stóðu við Skrifstofu stéttarfélaganna eða þar til húsið var ríft fyrir nokkrum árum.

Aðalfundur STH

Aðalfundur Starfsmannafélags Húsavíkur verður haldinn þann 9. desember 2010.

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Önnur mál

Tími og staður
auglýstir í Skránni síðar.

Stjórn
Starfsmannafélags Húsavíkur



Gott félagsstarf hjá VP

Verkalýðsfélag Þórshafnar stóð nýlega fyrir námskeiði fyrir trúnaðarmenn á vinnustöðum á Þórshöfn. Kennari var Sigurlaug Gröndal frá Félagsmálaskóla Alþýðu og sóttu 7

manns námskeiðið. Á myndinni má sjá trúnaðarmennina ásamt Kristínu Kristjánsdóttur starfsmanni VP og Sigurlaugu kennara.



Konur gengu út á Húsavík

Klukkan 14:25 á kvennafrídaginn lagði fjöldi kvenna á Húsavík niður störf og gekk út af vinnustöðum til þess að halda upp á daginn. Flestar þeirra komu sér vel fyrir í fundarsal stéttarfélaganna á Húsavík. Ástæðan fyrir því að konurnar gengu út kl. 14:25 var sú að samkvæmt

rannsóknunum á launamismun kynjanna hafa konur þá lokið vinnudegi sínum, í samanburði við karla. Konurnar á Húsavík voru ekki með formlega dagskrá heldur vildu þær sýna samstöðu í verki með því að standa fyrir opnu húsi í fundarsal stéttarfélaganna.



Góðir félagar!



Stéttarfélagin hafa samið um góðan afslátt fyrir félagsmenn hjá **N1** og **OLÍs-ÓB**. Ekki missa af ódýru bensíni m.v. fullt verð.

Fiskvinnsla Vísis á Húsavík skoðuð

Starfsfólk Vísis lét það ekki trufla sig að tæplega 40 Norðmenn frá NNN kæmu í heimsókn til að skoða starfsemi fyrirtækisins á Húsavík. Starfsmennirnir tóku brosandí á móti gestunum og fræddu þá um starfsemiina sem komin er í fullan gang eftir sumarlokunina. Víðir

Svansson og Laufey Jónsdóttir leiddu gestina um húsið og sögðu frá því helsta sem fyrir augu bar. Eftir velheppnaða skoðunarferð gafst verkalyðsforingjunum frá Noregi tækifæri til að spyrja út í starfsemi Vísis og var Víðir Svansson verkstjóri til svara.



Stjórn NNN skoðaði starfsemi Vísis á Húsavík og hafði gaman af.

Ferðapjónusta og búskapur

Verkalyðsforingjarnir frá Noregi hrifust mjög af Mývatnssveitinni og náttúruferðunni en Framsýn bauð þeim í skoðunarferð um sveitina. Allar helstu perlurnar voru skoðaðar auk þess sem komið var við hjá Ólöfu Hallgríms í

Vogafjösi. Þar leyfði hún getunum að smakka vörur sem framleiddar eru á búinu. Hún sagði þeim einnig frá ferðapjónustunni í sveitinni og öðru því sem gestirnir vildu fræðast um.



Ólöf Hallgrímsdóttir er hér að skýra út hvernig Mývetningar baka brauð við jarðvarma. Gestunum fannst bökunarferðin stór merkileg en þeir koma allir úr matvælaframleiðslu í Noregi.

Norskir verkalyðsforingjar í heimsókn

Um 40 manna hópur frá NNN í Noregi kom í heimsókn til Húsavíkur í september. NNN stendur fyrir starfsmenn sem starfa við matvælaframleiðslu í Noregi (The Norwegian Food and Allied Workers Union) og eru systursamtök Starfsgreina-sambands Íslands. Um 35 þúsund félagsmenn eru innan sambandsins í 30 greinum matvælaframleiðslu. Meðan á dvöl þeirra stóð á Húsavík áttu erlendu gestirnir fund með fulltrúum Framsýnar um verkalyðsmál. Sérstakir gestir fundarins voru Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra og Sigurgeir Þorgeirsson ráðuneytisstjóri í Landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneytinu. Steingrímur gerði grein

fyrir aðildarviðræðum Íslands við Evrópusambandið og stöðu Íslands eftir hrunið. Sigurgeir fór síðan yfir íslenska fiskveiðistjórnunarkerfið. Sveitarstjóri Norðurlþings, Bergur Elías Ágústsson bauð síðan til móttöku í Sjóminjasafninu áður en haldið var í sameiginlegan kvöldverð NNN og Framsýnar á Fosshótel Húsavík en gestirnir dvöldu á hótelinu meðan á dvöl þeirra stóð á Húsavík. Norðmennirnir notuðu ferðina vel meðan þeir dvöldu á Húsavík því þeir fóru í verslunarferðir, heimsóttu okkar frábæru söfn, skoðuðu starfsemi Vísis hf. auk þess að skoða náttúruperlurnar í Mývatnssveit með viðkomu í Vogafjösi.



Erindi Steingríms um aðildarviðræður við Evrópusambandið og stöðuna á Íslandi eftir bankahrunið vakti töluverða athygli og fékk hann fjölmargar spurningar sem hann leitaðist við að svara.



Ný lög um vinnustaðaskírteini

Atvinnurekendur og starfsmenn þeirra sem vinna við bygginga- starfsemi, mannvirkjagerð, rekstur gististaða og veitingarekstur skulu bera vinnustaðaskírteini við störf sín frá 15. ágúst 2010, sbr. samkomulag ASÍ og SA frá 15. júní 2010. Atvinnurekandi skal sjá til þess að starfsmenn fái vinnustaðaskírteini þegar þeir hefja störf. Atvinnurekandi og starfsmenn hans skulu bera skírteini á sér og vera reiðubúnir að framvísa því, sé þess óskað af eftirlitsfulltrúa. Með atvinnurekanda er einnig átt við sjálfstætt starfandi einstaklinga. Á vinnustaðaskírteini skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram: Nafn og kennitala viðkomandi starfsmanns ásamt mynd. Starfsheiti er valkvætt. Ef starfsmaður erlendis þjónustufyrirtækis er ekki með íslenska kennitölu skal skrá fæðingardag og ár. Nafn/heiti atvinnurekanda eins og það er skráð í fyrirtækjaskrá (eða heiti starfsmannaleigu eins og það er skráð hjá Vinnumálastofnun). Atvinnurekandi er ábyrgur fyrir gerð vinnustaðaskírteinisins og þeim upplýsingum sem þar koma fram. Hann er ekki bundinn við tiltekið form eða útlit svo lengi sem skírteinið uppfyllir skilyrðin hér að

framan. Þau fyrirtæki sem þegar hafa gefið út vinnustaðaskírteini fyrir sig og starfsmenn sína, sem uppfylla skilyrðin hér að framan þurfa ekki að gera sérstakar ráðstafanir. Beri atvinnurekandi eða starfsmenn hans ekki vinnustaðaskírteini á sér við störf sín á vegum atvinnurekanda á viðkomandi vinnustað atvinnurekanda skv. 2. mgr. 3. gr. geta eftirlitsfulltrúarnir tilkynnt um það til Vinnumálastofnunar. Vinnu- málastofnun getur krafist þess að atvinnurekandi bæti úr annmörkunum innan hæfilegs frests að viðlögðum dagsektum. Sé um ítrekað brot atvinnurekanda að ræða getur Vinnumálastofnun krafist þess að atvinnurekandi bæti úr annmörkun innan sólarhrings. Ákvörðun um dagsektir skv. 1. mgr. skal tilkynnt skriflega á sannanlegan hátt þeim sem hún beinist að. Dagsektir geta numið allt að 100.000 krónum hvern dag. Við ákvörðun fjárhæðar dagsektar skal meðal annars líta til fjölda starfsmanna atvinnurekanda og hversu umsvifamikill viðkomandi atvinnurekstur er. Dagsektir skulu renna í ríkissjóð. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á Skrifstofu stéttarfélaganna eða á heimasíðunni www.skirteini.is.



Nú þurfa starfsmenn þeirra fyrirtækja sem vinna við bygginga- starfsemi, mannvirkjagerð, rekstur gististaða og veitingarekstur að bera vinnustaðaskírteini við störf sín frá 15. ágúst sl. Fari fyrirtækin ekki eftir ákvæðum laganna fá þau háar dagsektir.



Snæbjörn Sigurðarson hefur verið skipaður eftirlitsfulltrúi með vinnustöðum í Pingeýjarsýslum. Honum er atlað að fylgjast með því að atvinnurekendur fari eftir lögum og reglum varðandi vinnustaðaskírteini.

Starfsemi Framsýnar til fyrirmyndar

Jan-Egil Pedersen formaður NNN er einn af virtustu verkalyðs- foringjum á Norðurlöndunum. Þegar hann var á ferð með stjórnninni á Húsavík í september var hann tekinn tali.

Blm: *Hvað segirðu um ferðina til Íslands? Hvernig finnst þér hún hafa tekist?*

JE: Dvöl okkar hér á Húsavík hefur verið frábær. Móttökurnar hafa verið mjög góðar og við erum ánægð með dagskrána sem þið hafið skipulagt fyrir okkur.

Blm: *Hvað fannst þér um erindin sem við heyrðum hjá Fjármálaráðherra og svo um fiskveiðistjórnunarkerfið á Íslandi?*

JE: Það var mjög áhugavert. Okkur fannst líka áhrifamikið að fjármálaráðherrann sjálfur skyldi gefa sér tíma til að koma til Húsavíkur að hitta okkur. Erindin voru bæði mjög áhugaverð. Ráðherrann kom því vel til skila hvað það var sem í rauninni gerðist á Íslandi, hvað klikkaði og hvað Íslendingar hafa gert til að reyna að komast á réttan kjöl. Fundurinn var áhrifamikill.

Blm: *Hvað segir NNN um ESB? Eiga Íslendingar að sækja um aðild?*

JE: Mikil umræða hefur átt sér stað í Noregi um ESB. NNN hefur beitt sér fyrir því innan Norska Alþýðusambandsins að segja nei við ESB. Rökin gegn aðild að ESB varða vinnumarkaðsmál, fiskveiðistjórnun og landbúnað í Noregi. Ég er ekki með nein skýr skilaboð um það hvað Íslendingar eiga að gera varðandi ESB. Hins vegar er umhverfið í Noregi og á Íslandi svipað, landbúnaður og fiskur skipta þar miklu máli. Við höfðum óskað eftir ákveðnum undanþágum vegna aðildar að ESB en þær var ekki mögulegt að fá, sérstaklega varðandi fiskveiðimál og landbúnað.

Blm: *Er eitthvað sérstakt sem hefur komið á óvart eða stendur upp úr í ferðinni?*

JE: Það stendur upp úr hvað Framsýn hefur jákvæða ímynd á Íslandi og hvað félagið er virkt. Margir félagar mínir hafa nefnt að fjölmennið á hátíðarhöldunum 1. maí á Húsavík hafi komið þeim skemmtilega á óvart. Að félagið skuli fá 700-900 manns til að taka þátt í slíkum hátíðarhöldum er mjög áhrifamikið og ekki algengt að félög fái slíkan fjölda á hátíðarhöldum í Noregi. Starf félagsins við móttöku erlendra starfsmanna, þá sérstaklega frá Póllandi, er einnig aðdáunarvert og við getum lært marga af því hvernig Framsýn hefur unnið að þeim málum.



Jan-Egil er hér ásamt sveitarstjóra Norðurlþings en sveitarfélagið bauð til móttöku.

Sumarferð stéttarfélaganna tókst afar vel

Pingið, Framsýn og Verkalyðsfélag Þórshafnar stóðu fyrir mjög skemmtilegri félagsferð frá Húsavík til Hríseyjar laugardaginn 7. ágúst í samstarfi við Norðursiglingu. Farið var frá Húsavík um morgunin. Þaðan var haldið út með Víknafjöllum um Flateyjarsund fyrir Gjögur og inn

Eyjafjörðinn til Hríseyjar. Í eyjunni var boðið upp á kaffiveitingar á veitingastaðnum Brekku. Þaðan var síðan haldið til Grenivíkur, þar sem rúta frá Fjallasýn beið eftir hópnum og flutti hann til Húsavíkur um kvöldið. Tryggvi Finnsson var leiðsögumaður í ferðinni og fórst

það vel úr hendi enda fróður og skemmtilegur maður. Siglingarleiðin frá Húsavík til Hríseyjar er einstaklega falleg og á leiðinni var farið fram hjá náttúruperlum eins og Fjörðum, Keflavík og Látraströnd. Það var samdóma álit þeirra sem fóru í ferðina að hún hefði tekist

afar vel, ekki síst þar sem veðrið var einstaklega gott og þá var hópurinn frábær og hver öðrum skemmtilegri.

Hér fylgja með nokkrar myndir úr ferðinni.



Framsýnarmótið í skák 2010.

Framsýnarmótið í skák verður haldið helgina 12.-14. nóvember nk. í fundarsal stéttarfélagsins Framsýnar að Garðarsbraut 26 Húsavík. Það er skáklfélagið Goðinn í Pingeyjarsýslu og Framsýn-stéttarfélag sem sjá um mótshaldið.

Rétt til þátttöku í mótinu hafa allir áhugasamir á félagssvæði Framsýnar, Pingiðnar, Starfsmannafélags Húsavíkur, Verkalyðsfélags Þórshafnar, félagsmenn í skáklfélaginu Goðanum sem og allir aðrir áhugasamir Pingeyingar.

Dagskrá:

- | | |
|---|--|
| 1. umf. föstudaginn 12 nóvember kl 20:00 | Tímamörk 25 mín á mann (atskák) |
| 2. umf. föstudaginn 12 nóvember kl 21:00 | Tímamörk 25 mín á mann (atskák) |
| 3. umf. föstudaginn 12 nóvember kl 22:00 | Tímamörk 25 mín á mann (atskák) |
| 4. umf. laugardaginn 13 nóvember kl 10:00 | Tímamörk 90 mín + 30 sek á leik (kappskák) |
| 5. umf. laugardaginn 13 nóvember kl 16:00 | Tímamörk 90 mín + 30 sek á leik (kappskák) |
| 6. umf. sunnudaginn 14 nóvember kl 10:00 | Tímamörk 90 mín + 30 sek á leik (kappskák) |

Verðlaunaafhending í mótislok.

Verðlaun

Veittir verða glæsilegir eignarbikarar fyrir þrjá efstu í mótinu sem stéttarfélagið Framsýn gefur í tilefni af samvinnu Framsýnar og skáklfélagsins Goðans í Pingeyjarsýslu.

Einnig verða verðlaun veitt fyrir þrjá efstu í flokki 16 ára og yngri.

Mótið verður reiknað til íslenskra skákstiga og til fide skákstiga. Ekkert þátttökugjald er í mótið.

Upplýsingar

Allar nánari upplýsingar um framsýnarskáksmótið verða aðgengilegar á heimasíðu skáklfélagsins Goðans ásamt skráningu og stöðu. Skákir og loka-úrslit, verða birt á <http://www.godinn.blog.is> og á <http://www.framsyn.is>

Skráning

Skráning í mótið er hjá Hermanni Aðalsteinssyni, formanni skáklfélagsins Goðans, í síma 4643187 og 8213187 og á lyngbrekka@magnavik.is

Sparnaður í áskrift



Þegar þú greiðir niður
yfirdráttinn þá lækkum
við vextina hjá þér

Að greiða niður yfirdráttinn með samningi við Íslandsbanka er einhver besti sparnaður sem völ er á því þú lækkar vaxtakostnaðinn svo um munar.

Dæmi*	Yfirdráttur	360.000 kr.
	Mánaðarlækkun yfirdráttar	15.000 kr.
	Fjöldi mánaða	24


Vaxtakostnaður lækkar vegna þess að yfirdrátturinn minnkar og vegna þess að vaxtaþrósentan lækkar.

Lægri vaxtaþrósentu	12.188 kr.
Lækkandi yfirdráttur	43.125 kr.
Sparnaður á tímabili	55.313 kr.

Þú færð nánari upplýsingar á islandsbanki.is og hjá ráðgjafa í þínu útibúi.

*Í dæminu er miðað við að yfirdráttarvextir lækki úr 12,50% í 9,25%.

Lækkaðu yfirdráttinn



islandsbanki@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
Sími 440 4000


Íslandsbanki